

Úthlutunarreglur Músík Express



1. Grunnskilyrði og staðfestingar

Hlutverk Músík Express er að efla útflutning á íslenskrri tónlist. Músík Express er samstarfsverkefni Iceland Express og tónlistarfólks sem tekur þátt í verkefninu. Samstarfið byggir á afhendingu gjafabréfa vegna flugferða og flutnings á hljóðfærum til áfangastaða Iceland Express og kynningu tónlistarverkefnanna á samstarfinu.

Skilyrði fyrir samstarfi við Músík Express tónlistarverkefnið er að samstarfsaðilar uppfylli eftirfarandi:

1.1 Hafi gefið út breiðskífu.

1.2 Geti lagt fram staðfestingu um verkefni á erlendri grundu sem sýnir með óyggjandi hætti að verkefnið sé tónlistarmanninum til framdráttar og auki hróður íslenskrar tónlistar. Umsækjendur þurfa að leggja fram eftirfarandi:

1.2.1 Upplýsingar um fyrirhugað tónleikahald eða aðra framkomu tengda fjölmiðlum og kynningarviðburðum á erlendri grund.

1.2.2 Upplýsingar um verkefnið og mögulegan árangur af tónleikaferðinni.

1.2.3 Framangreindar upplýsingar skulu fylgja skriflegri umsókn ásamt fylgigöngum sem staðfesta tónleikahaldið.

Samstarfsaðilar skrifa undir samning við Iceland Express þar sem eftirfarandi kemur fram:

1.3 Að Iceland Express sé bakhjarl verkefnisins á meðan á því stendur og það sé tekið fram í öllum tilkynningum, markaðsefni og markaðsaðgerðum þar að lútandi.

1.4 Með markaðsefni er átt við auglýsingar, fréttatilkynningar og annað tilfallandi markaðsefni sem snertir samstarfið.

1.5 Að Iceland Express sé heimilt að nýta sér samstarfið í auglýsingum og kynningum fyrirtækisins enda verði slíkt tilkynnt með góðum fyrirvara og unnið í nánú samráði við samstarfsaðila.

1.6 Iceland Express hafi aðgang að allt að 10 miðum á hvern viðburð sem haldinn er í tengslum við samstarfið verði þess óskað og sé þess kostur.

1.7 Að gengið verði frá öllum flugbókunum með minnst fjögurra vikna fyrirvara og að bókanir séu háðar sætaframboði og bókunarstöðu.

1.8 Músík Express skuldbindur sig til að fara með öll gögn sem tengjast umsóknum sem trúnaðarmál.

Úthlutunarreglur þessar verða endurskoðaðar árlega.

2. Umsóknir og skilafrestir

- 2.1 Umsóknir skulu sendar á musik@icelandexpress.is
- 2.2 Dagsetning umsóknar miðast við fyrsta dag næsta mánaðar efir að hún er send og skal brottfarardagur vera að lágmarki fjórum vikum seinna. Hægt er að veita undanþágur frá þessu ef sætaframboð leyfir.
- 2.3 Samstarfsaðilar fá staðfestingu á úthlutun sem gildir í 45 daga frá útgáfu. Hafi samstarfsaðili ekki gengið frá bókun og greiðslu umsáminna gjalda vegna farseðla innan þess tíma fellur úthlutunin niður.
- 2.4 Umsóknir skulu innihalda greinargóða lýsingu á verkefninu, nöfn, kennitölur og hlutverk þerra sem að verkefninu koma.
- 2.5 Stjórn Músík Express er leyfilegt að gefa vilyrði fyrir samstarfi án þess að fyrir liggi allar skriflegar staðfestingar enda verði ekki af samstarfinu nema öll gögn liggi að lokum fyrir.
- 2.6 Stjórn Músík Express áskilur sér rétt til að óska eftir fundi með umsækjendum til að fá frekari upplýsingar um verkefnið og framkvæmd þess.